Alþýðusamband Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 9.12.2019
Tilvísun: 201912-0007

Efni: Athugasemdir ASÍ við drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum vegna breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr.129/1997, með síðari breytingum (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.).

Málið er liður í framkvæmd loforða í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá því í apríl síðastliðinn og varðar m.a. upptöku á ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaga ASÍ og SA um hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóðs í 15,5% frá 21. janúar 2016.

Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að staðið verði við þau loforði sem gefin voru í tengslum við kjarasamninga og að haft sé um þau mál víðtækt og náið samráð varðandi útfærslu einstakra þátta. Stjórnvöld birtu í júlí síðastliðinn áform um lagabreytingar vegna þeirra mála sem hér um ræðir (mál 178/2019 í Samráðsgátt), en þeim áformum fylgdu ekki útfærð lagafrumvörp. Ekkert frekara samráð hefur verið við samningsaðila við útfærslu þess frumvarps sem nú er birt til almenns samráðs með mjög skömmum umsagnafresti. Hér er um að ræða viðamiklar breytingar á lífeyrissjóðalögunum tengdra kjarasamningum sem varða mikilsverð réttindi og afkomu launafólks og hafa munu áhrif á þróun og uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins til langrar framtíðar. Alþýðusambandið gerir því skýrlausa kröfu til þess að haft sé fullt samráð við samningsaðila um útfærslu þeirra frumvarpa sem hér eru kynnt og **mótmælir því harðlega að málið sé afgreitt til Alþingis án frekara samráðs.**

Samninginn um hækkun á lágmarksiðgjaldi í lífeyrissjóð frá því í janúar 2016 var liður í jöfnun lífeyrisréttinda milli almanna- og opinber vinnumarkaðarins og má rekja til yfirlýsingar um lífeyrismál í kjarasamningum aðila frá því í maí árið 2011. Með samkomulagi ASÍ og SA frá 15. júní 2016 var samið um nánari útfærslu á fyrirkomulagi hækkunarinnar á iðgjaldi þar sem kveðið er á um heimild sjóðfélaga til þess að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldi í bundinn séreignarsparnað sem síðar hefur fengið heitið tilgreind séreign.

Frá því samið var um hækkun á iðgjaldi til lífeyrissjóðs og heimild til ráðstöfunar á hluta skyldutryggingariðgjalds í tilgreinda séreign hafa orðið áherslubreytingar varðandi meðhöndlun og nýtingu úrræðisins til húsnæðismála sem ekki voru hluti af upprunalegum

markmiðunum. Þá hafa athugasemdir Fjármálaeftirlitsins um að óheimilt sé að skilyrða vörslu tilgreindrar séreignar við skyldutryggingarsjóð kallað m.a. á nánari skoðun varðandi innheimtuöryggi framlagsins. Mikilvægt er því að málið sé rýnt til hlítar hratt og vel til að tryggja réttindi sjóðfélaga, samhengi við aðra þætti lífeyriskerfisins og húsnæðisúrræði.



Drífa Snædal
Forseti ASÍ